

51. fundur fagráðs um siglingar

Dags. og staður: 2. desember 2025, kl. 11, Samgöngustofu.

Viðstaddir: Páll Ægir Pétursson, formaður, Katrín Pálsdóttir (IRN), Björn Arnaldsson (Hafnasamband Íslands), Guðmundur Herbert Bjarnason (SFS), Stefán Guðmundsson (Samtök ferðapjónustunnar), Kjartan Páll Sveinsson (Landssamband smábátæigenda), Eypór Ólafsson (Samtök verslunar og þjónustu), Halldór Arnar Guðmundsson (Félag vélstjóra og málmþæknimanna), Valmundur Valmundsson (Sjómannasamband Íslands), Gísli Jóhann Hallsson (Samband íslenskra sveitarfélaga), Bogi Þorsteinsson (Slysavarnaskóli sjómanna), Ásgrímur Lárus Ásgrímsson (LHG), Fannar Gíslason (Vegagerðin).

Aðrir gestir: Sigrún H. Kristjánsdóttir (SGS), Þorsteinn Þorkelsson (SGS), Hildur Ingvarsdóttir (Tækniskólinn) og Víglundur Laxdal (Tækniskólinn)

Dagskrá:

1. Kynning frá Tækniskólanum
2. Kynning frá Norðurflugi - frestað vegna veikinda.
3. Kynning frá Samgöngustofu um öryggi, líðan og heilsu íslenskra sjómanna. Frestað vegna tímaleysis.
4. Önnur mál.
 - a. Landssamband smábátæigenda: staða mála hvað varðar skoðun og eftirlit með björgunarbátum - frestað vegna tímaleysis.
 - b. Landhelgisgæsla Íslands: Reglugerðir um farsvið smáskipa

Kynning frá Tækniskólanum:

Hildur Ingvarsdóttir, skólameistari Tækniskólans, og Víglundur Laxdal, skólastjóri Vélþækniskólans og Skipstjórnarskólans, kynna nám í skipstjórn og vélstjórn hjá Tækniskólanum.

Fram kom að 2 kadettar hafa útskrifast úr skólanum en kadettanámið hefur verið sett tímabundið á bið af Samgöngustofu vegna frávíks sem kom fram í úttekt EMSA og tengist útgáfu skírteina. Það sem þau telja einna helst koma í veg fyrir umsóknir í kadettanámið er forkrafan um C-réttindi. Ef krafan væri lækkuð í B-réttindi yrði að þeirra mati meiri aðsókn í námið.

Þau koma með ábendingu um að hugsanlega væri gott að hafa fulltrúa skólanna í fagráði um siglingar. Þá bjóða þau ráðinu að koma við tækifæri í kynnisferð um skólann.

Önnur mál

Ásgrímur frá Landhelgisgæslunni skorar á fulltrúa Landsambands smábátæigenda að hvetja félagsmenn til að virða lög og reglugerðir um farsvið smáskipa m.t.t. öryggis annarsvegar og fiskveiðiheimilda hins vegar.

- Þorsteinn frá Samgöngustofu hvetur LHG til að boða sambandið á fund og ræða málið.

Formaður ræðir strandflutninga.

Ræðir skýrslu innviðaráðuneytis frá 2010. Strandflutningar eru nánast aflagðir á Íslandi í dag.

Formaður kemur á framfæri við ráðið að við þurfum að álykta um þetta. Slysahætta og mikill kostnaður fyrir ríkið vegna viðhalds á vegum sem tengist beint þungaflutningum.

Formaður kynnir upplýsingar um þróun kolefnisskatta síðan 2023.

- Formaður leggur fram drög að ályktun fyrir ráðið að senda ráðherra.
- Fram kom að vinnuhópur um strandsiglingar starfar nú þegar í umboði ráðherra. Skýrsla hópsins með tillögum að breytingum til eflingar strandsiglinga væntanleg 1. febrúar 2026.

Stefán frá Samtökum ferðaþjónustunnar talar fyrir því að aldursviðmið fyrir strandveiðibáta verði lækkað.

- Katrín frá innviðaráðuneyti bendir á að Ísland er bundið af alþjóðasamþykktum hvað þetta varðar.

Næsti fundur 27. janúar 2026 kl. 11 hjá innviðaráðuneyti (síðar breytt í 20. janúar).

Fundi slitið 13.30.